

Mál nr. 87/2007
M og
Vátryggingafélagið (V-1) v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v B

Árekstur bifreiða á gatnamótum Blómvangs og Þrúðvangs í Hafnarfirði þ. 6.1.2007 .

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 27.4.2007
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 87/07
3. Tjónstilkynning dags. 6.1.2007.
4. Bréf V-1 dags. 3. og 14.5.2007
5. Bréf V-2 dags. 4.5.2007.

Málsatvik.

Ökumaður A segist hafa beygt inn á Blómvang og ekið löturhægt vegna aðstæðna og komið að þrengingu á veginum á undan B en þegar þar hafi verið komið hafi verið ljóst að ökumaður B hafði ekki fulla stjórn á B og því hafi hún ökumaður A hemlað en engu að síður hafi B runnið á A enda á töluverðri ferð og illa búinn til aksturs. Ökumaður B segir að A hafi stoppað fyrir aftan annan bíl og hafi B ekið á vinstri helmingi að þrengingunni og hafi mætt A þar.

Álit.

Miðað við gögn málsins m.a. afstöðuteikningu á tjónstilkynningu og framburði ökumanna verður ekki annað séð en að B hafi komið síðar að þrengingu þeirri sem um ræðir vegna kyrrstæðrar bifreiðar og ekið of hratt miðað við aðstæður. B ber því alla sök.

Niðurstaða.

B ber alla sök.

Reykjavík 29.5. 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.